

Fimmtudaginn 30. september 1993.

Nr. 106/1991. **Guðmundur Davíðsson**
(Valgeir Kristinsson hrl.)
gegn
Sigurgeiri Sigurðssyni
(Andri Árnason hrl.).

Víxilmál. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1991. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Samkvæmt bréfi 1. nóvember 1988 tilkynnti stefndi f. h. S. Sigurðssonar hf. til Hlutafélagaskrár, að ákveðið hafi verið að breyta nafni félagsins í „S. Sig. Verktakar hf.“. Með bréfi 5. október 1989 var enn tilkynnt af stefnda og tveimur öðrum stjórnarmönnum, að samþykkt hefði verið, að nafn hins síðarnefnda félags yrði „Húsaviðgerðarverktakar hf.“. Félag undir því nafni var samkvæmt Hlutafélagaskrá starfandi, þar til það var úrskurðað gjaldþrota 16. júlí 1990, og var stefndi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri þess. Samkvæmt upplýsingum Sparisjóðs Hafnarfjarðar var félagið eigandi reiknings þess í sparisjóðnum, sem hinir umdeildu víxlar voru skuldfærðir á 14. janúar 1988.

Í máli þessu er ýmist á því byggt af hálfu stefnda, að hann hafi keypt umrædda víxla af hlutafélaginu S. Sigurðssyni hf. 30. ágúst 1988, eftir að víxlarnir voru greiddir í banka 14. janúar sama ár, eða að hann hafi sjálfur innleyst þá í bankanum, eins og áritun á bakhlið þeirra sýni. Víxlarnir bera ekki með sér framsal hlutafélagsins eftir innlausn þeirra. Við meðferð málsins í héraði var engra frekari gagna aflað um það, hver hefði í raun innleyst víxlana

í bankanum, og engar skýrslur voru teknar um þetta málefni. Eins og máli þessu er háttað, verður að telja, að svo veigamiklar upplýsingar skorti, að um vanreifun af hálfu stefnanda í héraði hafi verið að ræða, sem leiða hefði átt til frávisunar málsins. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 19. desember 1990.

Mál þetta var þingfest 4. september sl. og tekið til dóms 12. desember sl. að undangengnum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Sigurgeir Sigurðsson, kt. 310152-3829, Hverfisgötu 32, Hafnarfirði. Stefndi er Guðmundur Davíðsson, kt. 100740-4789, Hólabergi 36, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 644.170 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga, sbr. 12. gr. sömu laga, frá 14. janúar 1990 til greiðsludags og að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól, ef vanskil standa lengur en í tólf mánuði, og myndi þannig vaxtaberandi höfuðstól, næst 14. janúar 1991. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að við bættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, er beri sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur samkv. vaxtalögum fimmtán dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara krefst hann þess, að sér verði einungis gert að greiða stefnanda 330.211 kr. með dráttarvöxtum frá 14. janúar 1990 til greiðsludags. Stefndi krefst málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnanda, hver sem úrslit málsins verða, þar á meðal 24,5% virðisaukaskatts auk hæstu leyfilegra dráttarvaxta af tildæmdum málskostnaði að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir.

Stefnukrafan er samkvæmt tveimur víxlum, út gefnum og framseldum af S. Sigurðssyni hf., kt. 530483-0539, Hafnarfirði, og ábektum af stefn-

anda, en samþykktum til greiðslu af stefnda í Sparisjóði Hafnarfjarðar.

Stefnandi kveður víxlana ekki hafa verið greidda á gjalddaga, og hafi stefnandi leyst þá til sín úr Sparisjóði Hafnarfjarðar. Víxlarnir voru innleystir 14. janúar 1988 með samtals 330.211,40 kr. Annar víxillinn var út gefinn 9. október 1987, gjalddagi 29. nóvember 1987, fjárhæð 180.094 kr. Hinn var út gefinn 3. nóvember 1987, gjalddagi 18. desember 1987, fjárhæð 130.000 kr. Dráttarvexti fyrir tímabilið 14. janúar 1988 til 14. janúar 1990 segir stefnandi vera 313.958,60 kr. (95,078% meðaltalsársvextir), og því sé heildarstefnufjárhæð 644.170 kr.

Stefndi tekur fram um málavexti, að víxlarnir tveir, sem málsóknin byggist á, hafi orðið til í viðskiptum stefnda við S. Sigurðsson hf., en stefndi hafi verið aðaleigandi og framkvæmdastjóri þess félags. Um mitt ár 1988 hafi stefndi gert upp allar viðskiptaskuldir sínar við félagið, þ. á m. telji hann sig hafa greitt skuldir vegna víxlanna tveggja, sem krafði sé um í máli þessu. Stefndi hafi hins vegar ekki fengið víxlana í hendur sem eigandi þeirra.

— — —

Niðurstöður.

Í þinghaldi þessa máls 12. desember sl. er bókað, áður en munnlegur málflutningur fór fram: „Ágreiningslaust er, að mál þetta sé rekið skv. 17. kafla laga nr. 85/1936.“ Þegar af þeirri ástæðu verður ekki að komið í máli þessu þeirri vörn stefnda, að víxlarnir tveir, sem málið snýst um, hafi verið greiddir, enda bera víxlarnir það ekki með sér.

Samkvæmt því ljósriti kvittunar, dagsettu 30. ágúst 1988, sem fyrr hefur verið nefnt, hefur stefnandi keypt víxlana af S. Sigurðssyni hf., sem er eldra nafn á hlutafélaginu Húsviðgerðarverktökum, en á reikning þess félags var innlausnarfjárhæðin skuldfærð í Sparisjóði Hafnarfjarðar 14. janúar 1988. Ekki eru rök til þess, að stefndi hafi ekki fengið framseldan til sín víxilréttinn með kaupunum á víxlunum. Að þessu athuguðu verður stefnandi að teljast eigandi víxlanna sem handhafi þeirra, sbr. 14. gr. víxillaga nr. 33/1933. Málsástæða sú, að handhöfnin ein nægði stefnanda, kom fram í málinu, þegar er efni voru til. Verður því sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina.

Rétt þykir að verða við stefnukröfu stefnanda með þeim hætti, að höfuðstóll kröfunnar miðist við innlausnardag víxlanna, 14. janúar 1988, og verði þá 330.211,40 kr. Við þá fjárhæð bætist dráttarvextir samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Skulu áfallnir dráttarvextir lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. janúar 1989.

Í samræmi við úrslit máls verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 150.000 kr. Beri málskostnaðarfjárhæð vexti skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags. Ummæli í greinargerð stefnanda má skilja svo, að hann reki virðisaukaskattsskylda starfsemi. Í málflutningi kvaðst lögmaður stefnanda ekki vita, hvort svo væri. Þykir því krafa stefnanda um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun vanreifub, og ber að vísa henni frá dómi án kröfu.

Í rekstri máls þessa hafa af hálfu stefnda verið lögð fram skjöl, sem óþörf voru til lausnar þess. Ekki hefur það þó valdið óeðlilegum töfum á málinu, og þykja ekki efni til að dæma álag á málskostnað samkvæmt niðurlagsákvæði 177. gr. laga nr. 85/1936.

Finnur Torfi Hjörleifsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Davíðsson, greiði stefnanda, Sigurgeiri Sigurðssyni, 330.211,40 kr. að viðbættum dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 14. janúar 1988 til greiðsludags. Skulu áfallnir dráttarvextir lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. janúar 1989.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, að fjárhæð 150.000 kr. Skal málskostnaðarfjárhæð bera vexti samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags.

Vísað er frá dómi ex officio kröfu stefnanda um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.